



# Sjávarútvegsráðuneyti. Greinargerð eða tillögur

---

Bjarni Sjávarútvegsráðuneyti. Sjávarútvegsráðuneyti. Greinargerð eða tillögur – Togarafyrirtæki –  
Innkaupamiðstöð – Vaxtatekjur – Innflutningsgjöld -

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-6, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Till. 28. 9. 1  
Sjávartíðni. 1938-1939  
P.M.

Samkv. rekstrarreikningum togarafyrirtækjanna og rekstraráætlun nefndarinnar virðist þurfa að skapa skilyrði fyrir bættri afkomu, er nemi ca. 25 til 30 þús. kr. á ári fyrir hvern togara, miðað við núverandi hlutfall milli tilkostnaðar og útflutningsverðs og 9 til 10 mánaða reksturs, og er þá fyrirtækjunum aðeins ætlað að standast straum af eðlilegri skuldaþyrði, miðað við verðmæti eigna þeirra. Að því er snertir aðra útgæð, verður einnig að teljast nauðsynlegt, að ráðstafanir verði gerðar henni til stuðnings samtímis.

Samhliða því sem hið epinþera gerir ráðstafanir, með fjárframlögum, niðurfellingu gjalda e.s.frv., til styrktar útgæðinni, verður og að telja nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að koma á fylsta sparnaði og hagsýni í rekstri og innkaupum útgæðarinnar, og til að tryggja að aðri útgæðarinnar sé varið henni til eflingar, og fjárhag fyrirtækjanna komið á heilbrigðan grundvöll.

Eftirfarandi tillögur og ábendingar um ráðstafanir í þessu skyni legg ég hérmeð fram sem umræðugrundvöll innan nefndarinnar. Er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að ræða um og taka til athugunar allar tillögur, sem fram kynnu að koma til breytinga, og svo aðrar leiðir, sem hugsanlegar væru til úrbóta.

1.

Næsta Alþingi geri ráðstafanir ~~geri~~ ráðstafanir

til að lækka opinber gjöld sjávarútvegsins og leggja fram fé honum til styrktar svo að samtals nemi alt að 3 milljónum króna, til viðbóta þeim tella og skattalækkunum og beinum fjárframlögum, sem þegar hafa verið veittar í þessu skyni.

Þessar ráðstafanir gildi meðan hlutfallið milli tilkostnaðar útvegsins og útflutningsverðs á sjávarafurðum breytist ekki til muna í hagstæðara hærf en nú er.

## 2.

Til þess að bæta ríkissjóði tekjumissi og standa straum af útgjöldum samkv. tillögu 1, tel ég álitlegast að fara þá leið er hér greinir:

A. Með lögum sé sett á stofn innkaupamiðstöð, er sjái um öll innkaup á erlendum vörum eftir pöntunum frá kaupmönnum, kaupfélögum, stofnunum og einstökum mönnum, er gjáldeyris- og innflutningsleyfi hafa. Sé henni heimilt að leggja á vörurnar, samkvæmt reglum er ríkisstjórnin setur, þannig, að hagnaður nemi ca. 3 milljónum króna auk nauðsynlegra sjóðagjalda. Stofnunin ákveði útsöluverð í samráði við verðlagsnefnd, og sé álagningu hagað svo, að útsöluverð hækki ekki vegna þess hagnaðar, sem innkaupsmiðstöðin fær. Öllum hagnaði stofnunarinnar sé varið til ráðstafana samkv. tillögu 1.

Yfirstjórn stofnunarinnar sé skipuð með tilliti til þjóðfélagsstétta og atvinnugreina, en framkvæmdastjórn falin sérfróðum mönnum.

Geti nefndarmenn ekki fallist á þessa leið, bendi ég til vara á eftirtaldar leiðir til fjáröflunar:

B. Lagður sé sértakur skattur á vaxtatekjur af inn

-stæðufé og verðbréfum, og sé löggjöfin sérstaklega miðuð við það að ná til þeirra tekna, sem nú eru ekki taldar fram til skatts. Upphæð skattgjaldsins sé miðuð við það, að skatturinn nemi ..... ca. kr. 500.000,00

2. Innflutningsgjöld og tellar af innlendum framleiðsluvörum séu hækkuð (að svo miklu leyti sem eigi er unt að lækka útgjöld ríkissjóðs) samkv. nánari tillögum síðar, alls ..ca. kr. 1.000.000,00

3. Með lögum sé sett á stofn einkasala á vefnaðarvörum, fatnaði og skófátnaði (ev. fleiri skyldum vörum). Álagning á þessar vörur sé nánar ákveðin eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur, og miðuð við það, að hagnaður einkasölnunnar nemi 1,5 milljónum króna.

Yfirstjórn einkasölnunnar skipi 3 eða 5 menn og tilnefni útgerðarmenn eða samtök þeirra meirihluta stjórnenda. Framkvæmdastjórn sé falin sérfróðum manni. Hagnaður einkasölnunnar renni beint til ráðstafanna samkv. tillögu 3 E. .... ca. kr. 1.500.000,00

Samtals ca. kr. 3.000.000,00

Sam aðrar líklegar leiðir mætti benda á:

1. Sérstakan skatt, stutt ákveðið árábil, á allar skattskyldar eignir í landinu, t.d. 1% á ári.
2. Sérstakan skatt á nokkrar innlendar framleiðsluvörur, sem seldar eru með óþarflega hárrí álagningu, og því eigi þyrftu að hækka í verði.

## 3.

Stuðningur samkv. tillögu 1 sé veittur á eftirfarandi hátt:

- A. Lækkun tella og opinberra gjalda.
- |  |                   |
|--|-------------------|
| 1. Útflutningsgjald til ríkissjóðs sé afnumið ..ca.kr.                     | 500.000,00        |
| 2. Útflutningsgjald til Fiskiveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs sé afnumið ..... | ca.kr. 150.000,00 |
| 3. Oliútellur sé afnuminn og kolatellur síldveiðiskipa endurgreiddur ..... | ca.kr. 100.000,00 |
| Samtals Ca.kr. 750.000,00  |                   |
- B. Varið sé til ráðstafana vegna útflutnings á ísfiski, til að tryggja að innflutningsskattar séu notaðir, allt að kr. 3000.000,00
- C. Varið sé til vaxtalækkunar á eðlilegum stefn lánunum og rekstrarlánunum útgerðarinnar (t.d. niður í 4% og 5%) allt að ..... ca.kr. 400.000,00
- D. Hækkað tillag til Fiskiveiðasjóðs ..... ca.kr. 50.000,00
- E. Til útflutningsverðlauna fyrir sjávarafurðir eða til sjóðmyndunar, er styrki einstakar greinar sjávarútvegsins með tilliti til afkomu og framtíðarmöguleika ..... ca.kr. 1.500.000,00
- Samtals A-E ca.kr. 3.000.000,00

## 4.

Gerðar séu öflugar ráðstafanir til þess að vinna gegn dýrtíð í landinu með verðlagseftirliti og húsaleigulögum ef þörf krefur.

Með löggjöf eða á annan hátt verði komið í framkvæmd því, er nú skal greina:

- A. Rekstrarhagnaði útgerðarfyrirtækja, sem fá verulegan hluta af stofnfé sínu og rekstrarfé að láni hjá opinberum stofnunum, sé varið til skuldalækkunar, eða til þess að tryggja fyrirtækið á annan hátt, og ekkert af honum notað til að greiða eigendum arð umfram venjulega innlánsvexti, né til þess að leggja í önnur óskyld fyrirtæki.
- B. Launakjör framkvæmdastjóra og annara starfsmanna útgerðarfyrirtækja og félagssamtaka útgerðarmanna, svo sem S.I.F. o.fl., séu eigi hærrí en við önnur sambærileg störf í þjénustu þess opinbera á sömu stöðum.
- C. Aflaverðlaun yfirmanna á tegurum verði miðuð við verðmati aflans að frádregnum kostnaði vegna kola og veiðarfara.
- D. Félagssamtök útgerðarmanna taki að sér að sjá um innkaup á kolum, salti og veiðarferum fyrir útgerðarmenn, svo og rekstur innlendrar veiðifaragerðar. Alþingi styrki slík samtök með löggjöf, ef þörf krefur, og veiti styrk til kaupa eða stofnunar slíkrar veiðifaragerðar, t.d. 25% stofnkostnaðar. Á sama hátt skal styrkja samtök útgerðarmanna í einstökum veiðistöðvum til að koma upp olíugeymum, þar sem ætla má að það verði til að lækka verða á elíu. Síldarbræðslur ríkisins á Siglufirði, og ef til vill víðar byggi olíugeymi og selji elíu við kostnaðarverði um síldveiðitímam.
- E. Rannsókn fari fram þa því, á hvern hátt verði best trygt að næg beita sé jafnan fásaleg í veiðistöðvunum við sanngjörnu verði, svo og hvort eigi sé heppilegt að fækka tegundum móturvéla í veiðiskipum og hvernig megi koma innkaupum á þeim í betra horf. Ennfremur verði rannsökuð skilyrði fyrir smíði

mótera eða hluta úr þeim hér á landi, aðstoða til viðgerða á vélum og bátum og nýsmíði báta.

6.

Þar sem reikningar þeir, er nefndinni hafa borist frá togaræigendum bera það með sér, að mikill hluti togaraflotans er í eigu fyrirtækja, sem ekki eiga fyrir skuldum, og því verður að telja ólíklegt að geti haldið áfram rekstri án sérstakra aðgerða, verður óhjákvamilegt að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja áframhaldandi rekstur þessara skipa frá sömu veiðistöðvum.

Til þess að fá úr því skerið, hve mörg skip og hver svo er ástætt um, þarf að fara fram mat á efnahag togarafyrirtækjanna. Matið yrði framkvæmt af t.d. 3ja manna nefnd, er skipuð væri þannig: ríkisstjórnin tilnefndi einn, sem jafnframt væri formaður, lánstefnanir annan og togaræigendur hinn 3ja. Nefndin flokkaði síðan fyrirtækin í 3 flokka. Í fyrsta flokki þau fyrirtæki, sem skulda t.d. minna en 50% á móts við eignir, í öðrum þau, sem skulda 50%-100%, og í þriðja þau, sem ekki eiga fyrir skuldum.

Þeim togarafyrirtækjum, sem ekki eiga fyrir skuldum eða lánveitingar Mafa verið stöðvaðar til, mætti hugsa sér, áður en leitað er annara kappenda að skipunum, að gefa kost á að halda áfram rekstri þeirra með sérstökum skilyrðum. Hefir formaður nefndarinnar lagt grundvöll fyrir umráður í nefndinni um þetta atriði með tillögum þeim, er hann lagði fram á fundi í janúar s.l., og mun ég í sambandi við þar umráður gera grein fyrir, hverjar breytingar ég tel að á þeim þyrfti að gera.

Þáist slík skilyrði ekki uppfyllt, verður að haga skiftum

og uppgjöri fyrirtækjanna svo, að tryggt sé að rekstur skipanna  
stöðvist eigi meðan á uppgjöri og skiftum stendur.

- - - - -

Allar framangreindar tillögur eru miðaðar við, að  
Fiskimálanefnd haldi áfram störfum, og hafi til umráða eigi  
minna fé en nú hefir hún.